



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 43/2017

Verðupplýsingar á vefsíðunni hraunhamar.is

I.

Málsmeðferð

1.

Í marsmánuði 2016 gerði Neytendastofu könnun á vefsíðum fasteignasala. Snéri könnunin að því að skoðað var hvort verðskrá yfir þjónustuliði væri sýnileg á vefsíðunum, sbr. ákvæði laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og hvort veittar væru upplýsingar um þjónustuveitanda sbr. ákvæði laga nr. 30/2002, um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu.

Skoðun á vefsíðu Hraunhamar ehf., hraunhamar.is, sýndi að á vefsíðunni vantaði verðupplýsingar auk þess sem vantaði upplýsingar um virðisaukaskattsnúmer þjónustuveitanda. Í bréfi Neytendastofu til Hraunhamars, dags. 14. mars 2016, var vísað til ákvæðis f. liðar 1. mgr. 10. gr. laga nr. 57/2005 auk 1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Þá var vísað til 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 30/2002. Þeim fyrirmælum var beint til Hraunhamars að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf. Að öðrum kosti mætti búast við að tekin yrði ákvörðun á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Ekkert svar barst.

2.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 24. júní 2016, kom fram að ný skoðun Neytendastofu hafi leitt í ljós að viðeigandi lagfæringar hafi ekki verið gerðar á vefsíðunni. Að nýju var þeim fyrirmælum beint til Hraunhamars að koma upplýsingum á vefsíðunni í rétt horf.

Ekkert svar barst.

3.

Í bréfi Neytendastofu, dags. 2. nóvember 2017, kom fram að við skoðun stofnunarinnar á vefsíðunni hraunhamar.is hafi komið í ljós að á vefsíðunni voru í verðskrá gefnar upp fjárhæðir,



tilgreindar í krónum, án virðisaukaskatts. Því yrði ekki séð að Hraunhamar hafi farið að fyrirætlum Neytendastofu. Að nýju var þeim fyrirætlum beint til Hraunhamars að koma upplýsingum á vefsíðunni í viðunandi horf innan tíu daga að viðlögðum sektum.

Ekkert svar barst

Skoðun Neytendastofu á vefsíðunni þann 4. desember 2017 leiddi í ljós að viðeigandi umbætur höfðu ekki verið gerðar á verðskrá.

II. Niðurstaða

1.

Í máli þessu hefur Hraunhamar ehf. ekki orðið við kröfum Neytendastofu um að viðunandi lagfærilegar séu gerðar á vefsíðunni hraunhamar.is. Á vefsíðunni er ekki að finna fullnægjandi verðupplýsingar skv. f. lið 1. mgr. 10., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, þar sem á vefsíðunni eru í verðskrá gefnar upp fjárhæðir, tilgreindar í krónum, án virðisaukaskatts.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna. Í 1. mgr. 8. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti og raska verulega, eða eru líklegir til að raska verulega, fjárhagslegri hegðun neytenda. Í 1. mgr. 10. gr. laganna er fjallað um hvaða upplýsingar eigi að koma fram í auglýsingum og öðrum sambærilegum viðskiptaaðferðum. Ákvæðið tekur til markaðssetningar í víðum skilningi og á því jafnframt við um vefsíður. Þá segir í ákvæði f. liðar 1. mgr. 10. gr. að veita verði upplýsingar um endanlegt verð, þ.m.t. virðisaukaskatt og önnur opinber gjöld.

Með heimild í 17. og 18. gr. laga nr. 57/2005 hefur Neytendastofa sett reglur nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu. Reglurnar kveða á um skyldur þeirra sem selja þjónustu til að verðmerkja og upplýsa neytendur skriflega um söluverð á þjónustu. Við fjarsölu þjónustu skal fyrirtæki, samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 537/2011 gefa upp verð með endanlegu söluverði. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það skýrt fram.

Neytendastofa hefur fjallað um það að stofnunin telji ekki ástæðu til að gera athugasemdir við að sölubóknun fasteignasala sé tilgreind með fastri prósentu og að virðisaukaskattur bætist þar við. Hins vegar er um að ræða undantekningu frá þeirri afdráttarlausu skyldu til að tilgreina endanlegt söluverð, þ.e. bóknun ásamt virðisaukaskatti og öðrum opinberum gjöldum. Ef um er að ræða ákveðna fjárhæð, sem tilgreind er í krónum, þá á virðisaukaskattur að vera innifalinn í verðinu.



2.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005 beinir Neytendastofa þeim fyrirmælum til Hraunhamars að koma verðupplýsingum á vefsíðu sinni, hraunhamar.is, í rétt horf innan tveggja vikna frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði það ekki gert skal Hraunhamar greiða dagsektir í samræmi við 23. gr. laga nr. 57/2005 að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu. Sektarfjárhæðin er ákveðin með mið af meðalhófsreglu stjórnslulaga, umfangs brotsins og fjárhæðum dagsekta í öðrum ákvörðunum Neytendastofu.

III.

Ákvörðunarorð:

„Hraunhamar ehf., Bæjarhrauni 10, Hafnarfirði, hefur með því að birta verð, tilgreind í krónum, án virðisaukaskatts á vefsíðu sinni, hraunhamar.is, brotið gegn f. lið 1. mgr. 10. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og gegn 1. mgr. 3. gr. reglna nr. 537/2011, um verðupplýsingar við sölu á þjónustu.

Hraunhamar ehf., skal innan tveggja vikna frá dagsetningu þessarar ákvörðunar gera viðeigandi úrbætur á vefsíðunni hraunhamar.is. Verði það ekki gert innan tilskilins tíma skal félagið greiða dagsektir að fjárhæð 20.000 kr. (tuttugu þúsund krónur) á dag þar til farið hefur verið að ákvörðun Neytendastofu.“

Neytendastofa, 5. desember 2017

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir